

1984 ehf.

B.t. Daða Áslaugarsonar,

stjórnarformanns.

Bragagötu 30.

101 Reykjavík.

Sent með ábyrgðarpósti og á netfangið:

dadi@1984.is

Reykjavík 3. mars 2023.

ÁSKORUN

Til lögmennsstofu minnar hafa leitað fyrirvarsmenn Anti-Defamation League (ADL), sem eru frjáls félagasamtök sem hafa það meðal annars að markmiði að berjast gegn hatursorðræðu gegn gyðingum, en höfuðstöðvar samtakanna eru í New York í Bandaríkjunum.

Fyrirvarsmenn ADL hafa vakið athygli lögmennsstofunnar á efni sem birt er á vefsíðunni <https://mapliberation.org/>

Tilgangur þeirra sem halda vefsíðunni úti er skýrður á forsíðu hennar og eru efnistökin í samræmi við þann tilgang.

Á vefsíðunni gefur augljóslega að líta hatursorðræðu sem beinist gegn einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, þ. á m. menntastofnunum ungmenna, sem tengjast samfélagi gyðinga í Boston, Massachusetts í Bandaríkjunum og nágrenni borgarinnar.

Á heimasíðunni er augljóslega hvatt til þess að gripið verði til aðgerða gegn fjölda tilgreindra stofnana, fyrirtækja og einstaklinga sem ábyrgðarmenn vefsíðunnar segja að tengist samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni, þau leyst upp (e. *dismantled*) eða starfsemi þeirra trufluð (e. *disrupted*).

Er raunar svo langt gengið að heimilisföng einstaklinga, fyrirtækja og stofnana eru birtar á vefsíðunni auk þess sem nöfn fyrirvarsmanna og aðrar upplýsingar eru birtar á síðunni sem nýta má í framangreindum tilgangi.

Vart þarf að hafa um það mörg orð að efni vefsíðunnar hefur valdið samfélagi gyðinga á Boston svæðinu verulegum áhyggjum. Lítur samfélagið á efni síðunnar sem alvarlega ógn gegn sér og öryggi sínu enda ber efnið með sér að tilgangurinn með vefsíðunni er sá að hvetja til þess að gripið verði til aðgerða gegn þeim sem því samfélagi tilheyra, sem ekki verða túlkaðar með öðrum hætti en sem hótanir eða hvatning til refsiverðrar háttsemi.

Jafn augljóst er að efni vefsíðunnar fer langt yfir mörk tjáningarfrelsis. Flokkast efni vefsíðunnar samkvæmt hefðbundnum skilgreiningum lögfræðinnar til hatursorðræðu sem beint er gegn tilteknum hópi þess samfélags sem um ræðir á grundvelli þjóðernisuppruna, þjóðlegs uppruna, kynþáttar og trúarbragða í skilningi almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum. Er efni vefsíðunnar því ólöglegt í framangreindum skilningi og starfræksla hennar einnig.

Yfirvöldum í Bandaríkjunum hefur verið gerð viðvart um vefsíðuna <https://mapliberation.org/> og efni hennar. Yfirvöldum í Bandaríkjunum er hins vegar ókleift að fjarlægja efni vefsíðunnar eða hindra aðgang að því þar sem vefsíðan er hýst utan lögsögu Bandaríkjanna, þ.e. á Íslandi.

Ástæða þess að áskorun þessari er beint til vefhýsingarfélagsins 1984 ehf. er sú að ekki verður betur séð en að félagið hýsi vefsíðuna <https://mapliberation.org/>

Þótt efni vefsíðunnar sé fyrst og fremst beint gegn samfélagi fólks sem býr á Bostonsvæðinu í Massachusetts í Bandaríkjunum er ljóst að þeim aðilum sem standa að baki vefsíðunni, og því efni sem þar er birt, væri ekki með góðu móti kleift að birta það fyrir lesendum vefsíðunnar án atbeina vefhýsingarfyrirtækisins, sem telst því óhjákvæmilegur milliliður milli vefsvæðisins og notenda þess.

Með því að veita lesendum aðgang að vefsíðunni tryggir 1984 ehf. fyrirsvarsmönnum vefsíðunnar m.ö.o. úrræði og aðstöðu til að birta ólöglegt efni sem einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum stendur ógn af.

Í þessu sambandi skal á það bent að hýsing, varsla og dreifing hatursorðræðu eins og þeirrar sem birtist á áður nefndu vefsvæði kann að varða við ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og er í andstöðu við ákvæði ýmissa alþjóðasamninga. Hún getur einnig leitt til ábyrgðar samkvæmt ákvæðum laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, og eftir atvikum eftir ákvæðum annarra laga.

Um leið og athygli þín, sem stjórnarformanns vefhýsingarfyrirtækisins 1984 ehf., er vakin á framangreindu er skorað á félagið að loka framangreindri vefsíðu, fjarlægja það efni sem á henni birtist og/eða hindra aðgang að henni án tafar og eigi síðar en innan 7 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar.

Er þess jafnframt krafist að félagið tilkynni neðangreindum lögmanni innan framangreinds frests og með sannanlegum hætti að 1984 ehf. hafi gripið til framangreindra ráðstafana og leggi fram gögn því til staðfestingar.

Skal slíkum staðfestingum beint til neðangreinds lögmanns í netfangið sigurdur@llg.is


Í ljósi efnis þessa bréfs er afrit þess sent embætti ríkislögreglustjóra til upplýsinga.

Verði 1984 ehf. ekki við framangreindum áskorunum og kröfum innan veitts frests er viðbúið að umbj. minn muni leita atbeina yfirvalda, og eftir atvikum dómstóla, í því skyni að ná fram sínum kröfum um að lokað verði fyrir aðgang að vefsíðunni.

Er jafnframt viðbúið að umbj. minn leiti til lögreglu yfirvalda vegna málsins verði ekki brugðist við framangreindri áskorun.

Óski félagið eftir frekari upplýsingum hjá undirrituðum varðandi framangreint er þess óskað að erindum þar um verði beint á netfangið sigurdur@llg.is

**Virðingarfyllst,
f.h. Anti-Defamation League,**



Sigurður Kári Kristjánsson hrl.

Afrit sent:

**Ríkislögreglustjóri.
b.t. Runólfs Þórhallssonar.
Skúlagötu 21,
101 Reykjavík.**